

Náms- og starfsráðgjafi

Námsráðgjafi vinnur ásamt öðrum starfsmönnum skólans að ýmsum velferðarmálum er tengjast námi, líðan og framtíðaráformum nemenda. Náms- og starfsráðgjafi starfar í þágu nemenda og er trúnaðar-og talsmaður þeirra. Námsráðgjafi vinnur bæði með einstaklinga og hópa.

Helstu viðfangsefni námsráðgjafa eru að:

- Veita nemendum ráðgjöf um náms- og starfsval og veita þeim fræðslu um nám, störf og atvinnulíf.
- Veita nemendum ráðgjöf í einkamálum þannig að þeir eigi auðveldara með að ná settum markmiðum í námi sínu.
- Vinna náið með fulltrúum stoðþjónustu og stjórnendum við úrlausn einstakra mála.
- Leiðbeinir nemendum um vinnubrögð í námi
- Aðstoða nemendur við að gera sér grein fyrir eigin áhugasviðum og meta hæfileika sína raunsætt miðað við nám og störf.
- Taka á mótí nýjum nemendum og veita þeim stuðning.
- Undirbúa flutning milli skólastiga og fylgja nemendum eftir inn í framhaldsskóla.
- Sinna fyrirbyggjandi starfi, t.d. vörnum gegn vímuefnum, einelti og ofbeldi í samstarfi við starfsmenn skólans og aðra svo sem starfsmenn æskulýðs- og íþróttamála og skólasálfræðing.

Samvinna milli nemanda og námsráðgjafa er grundvöllur þess að ráðgjöfin nýtist nemandanum. Nemendur geta leitað beint til námsráðgjafa eða verið vísað til hans af kennurum, forráðamönnum eða skólastjórnendum. Forráðamenn geta leitað beint til námsráðgjafa. Upplýsingar um viðtalstíma námsráðgjafa eru á skrifstofu skólans og skulu vera nemendum og forráðamönnum ljósar. Hluti af því sem námsráðgjafi vinnur með er;

- Minni og lestraraðferðir
- Undirbúningur fyrir próf
- Glósutækni og námstækni
- Tímastjórnun og lífsstíll
- Starfskynningar
- Starfsnám
- Einstaklingsmál
- Inntökuskilyrði framhaldsskóla